



SSV  
Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

## 141 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 7. nóvember 2018 kl.10.00 að Bjarnabraut 8 í Borgarnesi.

Mætt voru; Eggert Kjartansson, Bára Daðadóttir, Einar Brandsson, Björgvin Helgason, Árni Hjörleifsson, Guðveig Eyglóardóttir, Lilja B. Ágústsdóttir, Eyjólfur I. Bjarnason, Sif Matthíasdóttir, Jakob B. Jakobsson og Björn Hilmarsson. Hinrik Konráðsson mætti sem varamaður Jósefs Kjartanssonar.

Auk þess sat fundinn Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV sem jafnframt ritaði fundargerð.

Eggert Kjartansson, formaður SSV, setti fund kl.10.00

### 1. Framlögð fundargerð frá 140 fundi stjórnar SSV.

Formaður lagði fram fundargerð frá 140 fundi stjórnar SSV til kynningar, en fráfarandi stjórn hafði undirritað og staðfest fundargerðina

### 2. Kosning varaformanns og ritara

Gengið til kosninga um varaformann og ritara stjórnar SSV. Formaður gerði tillögu um Guðveigu Eyglóardóttur sem varaformann og Einar Brandsson sem ritara. Stjórn samþykkti tillögu formanns samhljóða.

### 3. Almenningsamgöngur

Framlögð yfirlýsing frá Vegagerðinni þar sem tilgreint er að framlag hennar til reksturs almenningsamgangna á Vesturlandi verði 140 m.kr. árið 2019, en samkvæmt fyrirliggjandi áætlun um reksturinn á þessi upphæð að tryggja hallalausan rekstur. Stjórn SSV lýsir sig reiðubúna til þess að sjá um rekstur almenningsamgangna á Vesturlandi árið 2019, en með þeim fyrirvara að samningar náist við önnur landshlutasamtök um reksturinn á sínum svæðum.

Þá var lögð fram niðurstaða fyrir reksturinn fyrstu níu mánuði ársins 2018 sem og útkomuspá fyrir árið 2018 sem unnin var september s.l. Eftir fyrstu níu mánuði ársins er tap á rekstrinum upp á tæp 1.200 þúsund. Í kjölfarið kynnt framkvæmdastjóri að NVB ehf. sem sér um rekstur almenningsamgangna í Norðvesturkjördæmi hefði óskað eftir 10 m.kr. yfirdráttarheimild hjá Arion banka. Bankinn hefði samþykkt beiðnina en óskað eftir veði í samningi SSV við Vegagerðina. Stjórn samþykkti veðsetninguna, en fól framkvæmdastjóra að tryggja jafnframt að SSV og Fjórðungssamband Vestfirðinga, meðeigendur SSV í NVB ehf., myndu lýsa yfir aðkomu sinni að ábyrgðinni.

#### **4. Skýrsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um almenningsamgöngur**

Rætt um skýrslu samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytisins um framtíðarskipulag almenningsamgangna. Stjórn SSV fagnar skýrslu ráðuneytisins um framtíðarskipulag almenningsamgangna og hvetur til þess að innleiðing þeirrar stefnu sem þar birtist hefjist hið fyrsta þannig að farið verði að vinna eftir ný kerfi eigi síðar en 2020.

Stjórn ræddi einnig skýrslu KPMG um mögulegt skipulag á almenningsamgöngum (Strætó) á landsbyggðinni. Í skýrslunni er sett fram tillaga um að stofnað verði fyrirtæki um rekstur (Strætó) á landsbyggðinni. Stjórn SSV lýsir yfir áhuga sínum að því að þessi tillaga verði útfærð frekar.

#### **5. Starfsreglur stjórnar**

Lögð fram tillaga að starfsreglum stjórnar SSV. Stjórn ræddi tillöguna og óskað eftir að framkvæmdastjóri tæki saman minnisblað um mögulega útfærslu á ákveðnum greinum í tillögunni.

#### **6. Málefni fatlaðra**

Lögð fram fundargerð frá fundi framkvæmdastjóra sveitarfélaga á Vesturlandi og oddvitum þeirra sveitarfélaga þar sem ekki eru framkvæmdastjórar, en á fundinum ræddu þeir m.a. framtíð samstarfs sveitarfélaga um málefni fatlaðar. Stjórn SSV var sammála þeim áherslum sem komu fram í áður nefndri fundargerð um vinnuferli varðandi endurskoðun á samstarfi sveitarfélaganna sem felur m.a. í sér að ekki verði stofnaður sérstakur vinnuhópur um verkefnið eins og til stóð.

Framkvæmdastjóri kynnti jafnframt að KPMG hefði unnið samantekt um rekstur sveitarfélaga á Vesturlandi á málefnum fatlaðra. Í ljós hefði komið misræmi á milli ársreiknings þjónustusvæðis um málefni fatlaðra á Vesturlandi og Skóla- og félagsþjónustu Snæfellinga og var framkvæmdastjóra falið að vekja athygli stjórnar skóla og félagsþjónustu á þessu.

#### **7. Velferðarstefna Vesturlands**

Lagt fram minnisblað um stöðuna á vinnu við velferðarstefnu Vesturlands. Stjórn SSV lýsir yfir ánægju sinni með þá vinnu sem er í gangi varðandi Velferðarstefnu Vesturlands

#### **8. Veidileyfagjöld**

Lögð fram skýrsla um áhrif veiðileyfagjalda á fyrirtæki í Norðvesturkjördæmi sem unnin var af ráðgjafafyrirtækinu Deloitte. Undir þessum lið var rætt um sameiginlega umsögn landshlutasamtakanna í Norðvestur-kjördæmi um tillögu að breytingu á lögum um veiðigjöld og gerði stjórn ekki athugasemd við umsögnina og fól framkvæmdastjóra að fylgja henni eftir á fundi með atvinnumálanefnd Alþingis 09.11 2018.

#### **9. Almannaþingarnefnd Vesturlands**

Lögð fram fundargerð frá fundi framkvæmdastjóra sveitarfélaga á Vesturlandi og oddvitum þeirra sveitarfélaga þar sem ekki eru framkvæmdastjórar, en á fundinum var m.a. rætt um mögulega ráðningu starfsmanns fyrir almannaþingarnefnd. Þá upplýsti framkvæmdastjóri að hann ásamt Gunnlaugi Júlíussyni sveitarstjóra í Borgarbyggð myndu funda þann 16.

nóvember n.k. með lögreglustjóra um þetta verkefni. Stjórn SSV er sammála um mikilvægi þess að ráðinn verði starfsmaður í tímabundið starf til að vinna að almannavarnarmálum á Vesturlandi. Brýnt sé, áður en lengra er haldið, að skilgreina verkefnið nánar og meta umfang þess. Þá var rætt um mikilvægi þess að tengja öryggismál sívaxandi fjölda ferðamanna á Vesturlandi við uppfærðar viðbragðsáætlanir og skoða kosti þess að nýta Sóknaráætlun Vesturlands að hluta til að koma að þeirri vinnu og fjármögnun hennar.

#### **10. Sóknaráætlun Vesturlands**

Lagt fram yfirlit yfir áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands árið 2018, auk þess sem lögð er fram skýrsla Stýrihóps stjórnarráðsins um sóknaráætlanir. Þá var rætt um áhersluverkefni fyrir árið 2019. Stjórn vísaði frekari umræðu til Samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vesturlands sem kemur saman til fundar síðar sama dag.

#### **11. Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktanir**

- a. Framlögð umsögn um frumvarp til veiðigjalda
- b. Framlögð umsögn um þingsályktun um samgönguáætlun
- c. Kynning fyrir fjárlaganefnd um fjárlög 2019

Framkvæmdastjóri kynnti stuttlega þessar umsóknir og sagði frá heimsókn fulltrúa SSV og sveitarfélaga á Vesturlandi til fjárlaganefndar.

#### **12. Byggðaáætlun**

Framkvæmdastjóri kynnti stuttlega nokkur verkefni í Byggðaáætlun þar sem gert er ráð fyrir aðkomu landshlutasamtaka og þegar hefur verið kallað eftir upplýsingum eða gefinn kostur á því að sækja um fjárstyrki. Sérstaklega var farið yfir verkefni sem gefur landshlutasamtökum kost á því að sækja um styrki til uppbyggingar og verkefna á svæðum sem búið hafa við viðvarandi fólksfækkun og einhæft atvinnulíf. SSV sótti um styrki í tvö verkefni; Vínlandssetur í Dalabyggð og uppbyggingu Gestastofu Snæfellsness að Breiðabliki í Eyja- og Miklaholtshreppi. Frekar verður rætt um Byggðaáætlun á næsta fundi stjórnar.

#### **13. Vesturlandsstofa og ferðaþjónusta**

Lagt fram minnisblað frá Margréti Björk verkefnisstjóra Áfangastaðaáætlunar Vesturlands um stofnun ferðamálaráðs Vesturlands og mikilvægi þess að öll sveitarfélög á Vesturlandi verið með tengiliði við verkefnið og ferðaþjónustu almennt. Stjórn SSV hvetur sveitarfélög á Vesturlandi sem ekki eru með starfsmenn sem sinna ferðaþjónustu sérstaklega til að tilnefna starfsmenn sem komi að samstarfi við vinna að útfærslu Áfangastaðaáætlunar Vesturlands og samstarfi við ferðaþjónustuna. Jafnframt tekur stjórn SSV undir þær tillögur sem koma fram í áætluninni um stofnun Ferðamálaráðs Vesturlands.

#### **14. Nýsköpunarverðlaun SSV**

Kynntar tilnefningar atvinnuráðgjafar SSV vegna nýsköpunarverðlaun SSV sem verða afhentar á nýsköpunardegi sem fer fram miðvikudaginn 21 nóvember n.k. Stjórn ræddi tilnefningarnar og tók ákvörðun um hvaða fyrirtæki á Vesturlandi fær verðlaunin og verður það tilkynnt þann 21. nóvember. Jafnframt samþykkti stjórn að fela framkvæmdastjóra að láta vinna úthlutunarreglur fyrir Nýsköpunarverðlaun SSV.

### **15. Starfsáætlun stjórnar SSV**

Lögð fram starfsáætlun stjórnar SSV. Stjórn samþykkti áætlunina með nokkrum breytingum varðandi dagsetningu funda.

### **16. Framlögð mál**

- a. Yfirlit yfir fundi framkvæmdastjóra SSV
- b. Fundargerð frá fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtakanna.
- c. Umræða varð um Ungmennahúsið Vesturlands sem fram fór á Laugum í Sælingsdal 2. og 3. nóvember s.l. Þeir stjórnarmenn sem tóku þátt í þinginu lýstu yfir ánægju sinni með þingið og þá umræðu sem þar átti sér stað.

Fundi slitið kl. 13:15.

Fundargerð ritaði Páll S. Brynjarsson